



## Fundargerð

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

21. fundur, föstudaginn 11. september, kl. 10:00

í iðnaðarráðuneytinu, Reykjavík

**Mætt:** Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Anna Sverrisdóttir, Elín R. Líndal, Friðrik Dagur Arnarson, Guðni Jóhannesson, Hjörleifur Kvaran, Kristín Huld Sigurðardóttir, Stefán Arnórsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þorsteinn Tómasson, Helga Barðadóttir (iðnaðarráðuneytinu) og Steinunn Fjóra Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytinu).

**Forföll:** Kristín Linda Árnadóttir og Þóra Ellen Þórhallsdóttir,

### Fundarfrásögn

- Fundargerð.** Lagðar voru fram til samþykktar fundargerðir vegna funda verkefnisstjórnar frá 17. apríl, 22. maí og 10. júní. Fundarmenn hafa frest til miðvikudagsins 16. september að koma fram athugasemdum, að öðrum kosti skoðast fundargerðirnar samþykktar.
- Kynningarefni.** Lögð voru fram nýjustu drög að þeim virkjunarkostum sem koma munu til mats. Þá var einnig stutt kynning á vinnusvæði á heimasíðu og lýsingum á virkjunarkostum sem Sveinbjörn Björnsson vann í sumar og er að finna á vef Orkustofnunar. Samþykkt að birta grein frá vinnuhópi um sjálfbærni jarðhita á vinnusvæði heimasíðunnar (sjá vinnusvæði verkefnisstjórnar undir *Gögn*).
- Staða vinnunnar.** Formaður kynnti að stefnt verði að næsta fundi verkefnisstjórnar eftir tvær vikur. Þar verður lögð fram vinnuáætlun fram á haustið. Friðrik Dagur ítrekaði að þetta væri ekki aðeins spurning um að fá öll gögn heldur yrði tími að vera nægur svo hægt væri að útbúa góða aðferðafræði til að meta gögnin. Ef verki á að ljúka fljótlega verður ekki hægt að þróa rannsóknartæki gagnvart ferðaþjónustu og útivist og stilla það af þannig að það standist gagnrýni. Hann taldi einnig að ef alvarlegur gagnaskortur yrði varðandi ákveðin svið en ekki önnur þá væri hætt á að niðurstöður matsvinnunnar endurspegli þetta misvægi og þar með glatist sú sátt sem að er stefnt. Stefán Arnórsson vísaði til háhitasvæðanna og taldi hlutverk rammaáætlunar vera að gefa stjórnvöldum ráð þar sem boðskapurinn væri „á þessum svæðum skal virkjað, á þessum svæðum skal ekki virkja og önnur svæði skulu vera í biðstöðu“. Ræddi einnig um nauðsynlega endurskoðun á lögum um mat á umhverfisáhrifum og ítrekaði skoðun sína að nýtingaraðili eigi alltaf að hafa nýtingu sem mest sjálfbæra. (Benti á grein sína í ársriti Landverndar. Sjá vinnusvæði verkefnisstjórnar undir *Gögn*.)
- Frumvarpsdrög.** Á fundinn kom Kristín Haraldsdóttir lögfræðingur sem ráðin hefur verið til að semja lagafrumvarp um þann lagalega sess sem vinnu og niðurstöðum rammaáætlunar skulu sett. Hún dreifði fyrstu drögum að frumvarpinu og kallaði eftir álit og athugasemdum verkefnisstjórnar. Meðal álítaefna nefndi Kristín hvernig nálgast skuli „verndarþáttinn“ og hvernig skuli útfæra „verndaráætlun“. Rammaáætlun fór af stað með sjónarhornið á nýtingaráætlun en síðan hefði verndarsjónarmið komið inn í myndina. Hún sagði að fyrstu athugasemdir frá umhverfisráðuneytinu hefðu verið á þá leið að almennt hafi drögin dregið um of taum nýtingar á kostnað verndunar svæða. Hún bað verkefnisstjórn að lesa yfir drögin og senda sér athugasemdir með tölvupósti. Formaður taldi rétt að stjórnarmenn legðu orð í belg og

reifuðu sín fyrstu viðbrögð. Jafnframt benti hún á að athugasemdir skyldu einnig sendar til starfsmanns.

5. **Staða vinnu faghópa.** Komið hafa fram sterkar raddir um að tímaramminn sé of knappur og gögn séu of gloppótt. Á móti er bent á að gögn megi alltaf bæta og matsvinnan verði að miðast við þau gögn sem eru til staðar. Öflun frekari gagna verði að bíða 3. áfanga. Fram kom að faghópar 1 og 2 munu ekki geta lagt fram niðurstöður fyrir lok október en faghópar 3 og 4 standa betur. Mikilvægt er að nota tímann til næsta fundar verkefnisstjórnar til að leggjast yfir málin með faghópunum. Fjöldi virkjunarkosta hefur aukið á tímaþröng og þeirri hugmynd var velt upp hvort virkjunarkostir sem fá einkunn D og C varðandi gæði gagna fari beint í „Rannsóknarflokk“ án eiginlegs mats. Hugsanlegt er að gögn fleiri kosta séu svo gloppótt að ómögulegt sé að meta þá gagnvart öllum hagsmunum. Ákveðið var að geyma þessa umræður til næsta fundar.
6. **Næsti fundur** verður haldinn í iðnaðarráðuneytinu fös. 25. sept. kl. 8:00.